

Fundur í svæðisráði Vatnajökulsþjóðgarðs - vestursvæði haldinn á Kirkjubæjarklaustri, 14. október 2009 kl. 14:00

Mætt: Elín Heiða Valsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Sigurður Skúlason, Ólafía Jakobsdóttir, og Eydís Þ. Indriðadóttir, svæðisráði Kári Kristjánsson starfsmaður þjóðgarðsins, Ketill Sigurjónsson þjóðgarðsvörður, Ingibjörg Eiríksdóttir og Þorvarður Árnason, Arnþór Gunnarsson frá Háskólasetrinu á Höfn. Leifur Þorsteinsson fulltrúi Samút í svæðisráði boðaði forföll.

Fundargerð ritaði Eydís Þ. Indriðadóttir.

Elín Heiða setti fund og stýrði honum.

1. Verndaráætlunaryrvin:

Þorvarður gerði grein fyrir stöðu mála. Mikið hefur safnast af gögnum og enn von fleirum. Ennþá vantar á Íslandi samræmdan grunn fyrir mat á jarðfræðilegri fjölbreytni og verndargildi svæða á forsendum þess. Verið er að skoða menningarminjar innan þjóðgarðsins og hefur Arnþór Gunnarsson tekið það verk að sér. Ingibjörg er að safna upplýsingum um beitarsvæði innan garðsins. Enn er ekki búíð að ganga endanlegan, frá skilgreiningum á mismundandi verndarsvæðum innan garðsins. Mikilvægt er að stjórn þjóðgarðsins taki á því máli fyrir en sienna. Rætt um jaðarsvæði garðsins og landslagsheildir og mögulega hverfisvernd þeirra. Fyrir liggur að kynna verndaráætlunaryrvinna fyrir almenningi. Stefnt að því að boða fund á Kirkjubæjarklaustri 27. okt. og Laugalandi 28. okt. klukkan 20.00 á báðum stöðum. Farið yfir upplýsingar um menningarminjar á svæðinu

2. Vinnuhópur um Vonarskarð og Vestursvæðið.

Eydís kynnti þá vinnu sem farið hefur fram hjá hópnum. Haldnir hafa verið 2 fundir og farið hefur verið á vettvang í Vonarskarði og Nýjadal. Umræðan er enn í gangi Tillaga hefur verið lögð fram í aðalskipulagi Ásahrepps um skála sunnan Svarthöfða, takmarkaða vélvædda umferð um Vonarskarð. Akstursleið inná Bárðargötu um brú á Köldukvísl við rannsóknarsvæði í Sveðjuhrauni. Akstur um Bárðargötu er þó aðeins hugsaður fyrir mjög vel búin ökutæki því ekki er gert ráð fyrir brú á Sylgju. Óskað er eftir að vinnuhópurinn skili endnægri niðurstöðu um miðjan nóvember. Einnig er óskað eftir að upplýsingar berist jafnóðum til Sigðurðar fulltrúa á Norðusvæðin

3. Svæðið í kring um Langasjó.

Umræða um nýtingu á svæðinu. Tillaga um að setja upp vinnuhóp á vegum svæðisráðsins, til að fjalla um áherslur. Tilnefndir í hann eru Ketill Sigurjónsson, Ingibjörg Eiríksdóttir, Elín Heiða Valsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir.

4. Önnur mál.

Ábending kom um að svæðisráðið þarf að undibúa sig undir það að endurskoða lög þjóðgarðsins. Sérstaklega þarf að huga að aukinni starfsemi garðsins á svæði Ásahrepps og Rangárþings ytra á Holtamannafrétti. Einnig var rætt um mikilvægi þess að skoða uppbyggingu á vegum garðsins í samhengi við fyrirhugaða atvinnuuppbyggingu á áhrifasvæði hans.

Bent var á að endurskoða þarf áherslur í uppbyggingu á þjónustuneti garðsins vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu og breyttra áherslna. Breytingar mega þó ekki verða á kostnað gæða þjónustunnar og virkrar upplýsingamiðlunar.

Stjórn þjóðgarðsins í samvinnu við ráðgjafafyrirtækið ALTA stýrir nú vinnu við mótun á atvinnustefnu garðsins.

Mikilvægt er að kalla eftir sýn íbúa og atvinnurekenda á þeim tækifærum sem hugsanlega felast í þeirri ímynd sem þjóðgarður gefur.

Sagt frá málþingi á Höfn 21. okt. um mótun stefnu um sjálfbæra ferðaþjónustu í “Ríki Vatnajökuls”.

Föstudaginn 23. verður málþing á Kirkjubæjarklaustri til þess að kynna klasann “Friður og frumkraftar”, “Markaðsstofu Suðurlands” og átaksverkefni Háskólafélags Suðurlands um “Geo Park” á svæðinu

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 16.00

Elín Heiða Valsdóttir (sign)
Erla Ívarsdóttir (sign)
Kári Kristjánsson (sign)
Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)
Þorvarður Árnason (sign)
Sigurður Skúlason (sign)
Ketill Sigurjónsson (sign)
Ólafía Jakobsdóttir (sign)
Arnþór Gunnarsson (sign)